

Ár 2011, fimmtudaginn 21. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. Umhverfisráðuneytinu frá 4. júlí 2011.  
Með bréfinu er óskað eftir umsögn um drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu sem gert er ráð fyrir að verði einn kafli í nýrri skipulagsreglugerð.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til skipulags- og bygginganefndar.

- 1.2. Umhverfisráðuneytinu frá 30. júní 2011.  
Í bréfinu er kynnt Umhverfisþing sem haldið verður á Selfossi þann 14. október 2011 en áhersla er lögð á þátttöku ungs fólks og fulltrúa sveitarfélaganna í þinginu.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til ungmennaráðs en vekur jafnframt athygli á að þennan sama dag er Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna haldin en sú staðreynd mun vafalaust takmarka þátttöku sveitarstjórnarmanna.

- 1.3. Innanríkisráðuneytinu frá 15. júlí 2011  
Í bréfinu er tilkynnt um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2011.

Lagt fram til kynningar.

- 1.4. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 5. júlí 2011  
Í bréfinu er fjallað um stöðu Námsgagnasjóðs og tilkynnt um úthlutun til handa Grunnskólanum í Hveragerði.

Lagt fram til kynningar.

- 1.5. Þjóðskrá Íslands frá júní 2011.  
Í bréfinu er gerð grein fyrir endurmati fasteignamats sem nú er nýlokið. Fasteignamat hér í Hveragerði hækkar um 2,7%.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna forsendur nýs fasteignamats.

- 1.6. Northern Research forum/Háskólanum á Akureyri ódagsett.  
Í bréfinu er kynnt alþjóðlega ráðstefnan „Okkar ísháða veröld“ sem haldin verður í Hveragerði dagana 3.-6. september 2011. Bæjarstjóra og bæjarfulltrúum er boðin þátttaka í ráðstefnunni.

Lagt fram til kynningar.

- 1.7. Vistvernd í verki/Landvernd ódagsett.  
Í bréfinu er kynnt fyrirhugað leibeinendanámskeið Vistverndar í verki sem halda á í ágúst 2011.

Bæjarráð samþykkir að greiða þátttökugjald fyrir einn þátttakenda héðan úr Hveragerði að því tilskyldu að viðkomandi skuldbindi sig til að halda tvö námskeið fyrir íbúa um Vistvernd í verki á komandi vetri.

- 1.8. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands frá 4. júlí 2011.  
Í bréfinu er kynnt fyrirkomulag við úthlutun styrkja úr styrktarsjóði EBÍ árið 2011.

Lagt fram til kynningar.

- 1.9. Löggarði ehf dags. 4. júlí 2011.  
Í bréfinu óskar Guðni Á. Haraldsson, lögmaður, eftir viðræðum um greiðslu miskabóta fyrir hönd Sigfríðar Sigurgeirsdóttur vegna ráðningar í stöður deildarstjóra við Grunnskólann í Hveragerði. Í úrskurði innanríkisráðuneytisins voru umræddar ráðningar metnar ólögmetar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna réttarstöðu bæjarfélagsins í samráði við lögmennt bæjarfélagsins.

## 2. Fjárhagsleg málefni:

- 2.1. Tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa v. viðhalds Óskalands frá 4. júlí 2011. Í tölvupóstinum er óskað eftir aukafjárveitingu til málunar á leikskólanum Óskalandi.

Bæjarráð hafnar erindinu en samþykkir aukafjárveitingu til að hægt sé að mála hvíldarherbergi á tveimur deildum þetta árið. Heildarkostnaður við verkið er innan við 80 þúsund krónur.

- 2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna Breiðumerkur 22 dagsett 19. júlí 2011.  
Í minnisblaðinu er farið yfir samskipti Húsfélagsins að Breiðumörk 22 og skipulags- og byggingarfulltrúa en þeim síðarnefnda var af bæjarráði falið að ræða við fulltrúa húsfélagsins um bætur vegna skemmda á lóð vegna fráveituframkvæmda.

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og byggingafulltrúa um bætur fyrir rask á lóðinni að upphæð kr. 150.000. Vegna athugasemda Húsfélagsins um frágang regnvatnslagnar vill bæjarráð ítreka nauðsyn þess að húseigendur gangi þannig frá tengingum að gufa leiti ekki uppí þakrennur enda er slíkt á ábyrgð húseigenda.

- 2.3. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna hundahreinsunar dags. 19. júlí 2011. Í minnisblaðinu eru kynntir valkostir sem í boði eru vegna ormahreinsunar hunda í bæjarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir að leitað verði allra leiða til að ormahreinsun geti farið fram hér í Hveragerði enda er ljóst að slíkt er bæði mikið hagræði fyrir hundaeigendur og ódýrara fyrir bæjarfélagið heldur en aðrar lausnir sem skoðaðar hafa verið.

### 3. Tæknileg málefni:

- 3.1. Drög að samningum vegna almenningsamgangna á Suðurlandi. Lögð fram drög að samningi milli SASS og Vegagerðarinnar vegna almenningsamgangna milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins ásamt samningi um kostnaðarskiptingu vegna sama milli aðildarsveitarfélaga SASS.

Bæjarráð lýsir ánægju sinni með þau drög sem nú liggja fyrir og telur að með þessu skrefi verði brotið blað í almenningsamgöngum á landsbyggðinni. Bæjarráð leggur áherslu á að sú þjónusta sem veitt hefur verið á leið 51 hefur notið sívaxandi og mikilla vinsælda og brýnt er að íbúum verði áfram tryggð besta mögulega þjónusta á þessu sviði.

- 3.2. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa v.Laugaskarðs frá 18. júlí 2011. Í minnisblaðinu er farið yfir öryggismál í sundlauginni í Laugaskarði.

Bæjarráð telur að vel sé staðið að öryggismálum við sundlauginna í Laugaskarði. Á álagstímum eins og á sumrin og um helgar eru þrír á vakt og þá eru tveir starfsmenn í laugargæslu á útisvæði. Fimm eftirlitsmyndavélar vakta auk þess sundlaug og pottasvæði.

- 3.3. Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa vegna skipulags á Friðarstöðum dags. 30. júní 2011. Með minnisblaðinu fylgir niðurstaða úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála frá 24. júní 2011.

Í minnisblaðinu er farið yfir niðurstöðu skipulags- og byggingamála frá 24. júní 2011 þar sem felld er úr gildi sú ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar að hafna umsókn um leyfi til að breyta gróðurhúsi í landi Friðarstaða í hesthús fyrir allt að 24 hesta.

Bæjarráð gerir athugasemdir við að úrskurðarnefnd skuli fyrst nú tveimur og hálfu ári eftir að kæra berst fella úrskurð í þessu máli og áskilur sér allan rétt vegna þessa. Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og byggingafulltrúa um að án tafar hefjist vinna við endurskoðun deiliskipulags Friðarstaða í samráði við ábúendur.

**4. Fundargerðir:**

- 4.1. Skipulags- og bygginganefnd frá 5. júlí 2011.  
Bæjarráð staðfestir eftirtalda liði í fundargerð skipulags- og bygginganefndar: 1,2,3,4,5,6 og 9.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

**5. Verkfundagerðir:**

- 5.1. Heiðmörk – Gatnagerð frá 7. júlí 2011.  
Bæjarráð vekur sérstaka athygli á lið 9 í fundargerðinni þar sem segir:  
*„Verktaki vill koma því á framfæri við verkkaupa að íbúar í götunni eru einstaklega kurteisir og almennilegir í viðmóti við starfsmenn verktaka.“*

Fundargerðin samþykkt um leið og bæjarráð fagnar þeim góðu samskiptum sem verktaki á við íbúa en bókun sem þessi hefur ekki áður sést frá verktökum hér í bæ.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:35.

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)